

## REGLUGERÐ

### um skráningarkerfi fyrir losunarheimildir.

#### 1. gr.

##### *Tilgangur og gildissvið.*

Reglugerð þessi mælir fyrir um kröfur sem gilda um skráningarkerfi fyrir losunarheimildir íslenska ríkisins, losunarheimildir aðila sem heyra undir gildissvið viðskiptakerfis ESB og losunarheimildir annarra aðila.

#### 2. gr.

##### *Skilgreiningar.*

Í reglugerð þessari er merking orða og orðasambanda sem hér segir:

1. *Aðili*: Einstaklingur eða lögaðili.
2. *Losunarheimild*: Heimild til losunar gróðurhúsalofttegunda. Ein losunarheimild jafngildir heimild til losunar á einu tonni af koldíoxíðsigildi á ári. Eitt tonn af koldíoxíðsigildi samsvarar einu tonni af koldíoxíði eða því magni annarra gróðurhúsalofttegunda sem hefur sambærilegan hlýnunarmátt.
3. *Viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir*: Kerfi sem starfrækt er á Evrópska efnahagssvæðinu samkvæmt tilskipun 2003/87/EB með síðari breytingum, sbr. samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

#### 3. gr.

##### *Lögbært yfirvald og landsstjórnandi.*

Umhverfisstofnun er lögbært yfirvald og landsstjórnandi íslenska ríkisins vegna skráningarkerfis fyrir losunarheimildir.

#### 4. gr.

##### *Skilyrði fyrir stofnun reikninga aðila innan Evrópska efnahagssvæðisins.*

Einstaklingar innan Evrópska efnahagssvæðisins geta aðeins óskað eftir því að stofnaður verði einkavörslureikningur eða vörslureikningur fyrir viðskiptavettvang í Sambandskránni ef þeir hafa fasta búsetu á Íslandi. Lögaðilar innan Evrópska efnahagssvæðisins geta aðeins óskað eftir því að stofnaður verði einkavörslureikningur eða vörslureikningur fyrir viðskiptavettvang í Sambandskránni ef þeir eru skráðir á Íslandi.

#### 5. gr.

##### *Innleiðing EES-gerða.*

Eftirfarandi EES-gerð skal öðlast gildi hér á landi:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 920/2010 frá 7. október 2010 um staðlað og varið skráningarkerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB, sem vísað er til í tölulið 21an, III. kafla, XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 156/2011, frá 1. desember 2011, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af reglugerð þessari, XX. viðauka samningsins, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 12 frá 1. mars 2012, 2012/EES/12/39, bls. 306-357.

#### 6. gr.

##### *Lagastoð og gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 65/2007 um losun gróðurhúsalofttegunda.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Atvinnurekstur sem hefur við gildistöku þessarar reglugerðar fengið útgefið losunarleyfi samkvæmt 6. gr. a laga nr. 65/2007 um losun gróðurhúsalofttegunda skal óska eftir því við Umhverfisstofnun að stofnaður verði reikningur í skráningarkerfinu innan 20 virkra daga frá því að skráningarkerfið verður að fullu virkt fyrir Ísland. Að öðru leyti skulu ákvæði 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 920/2010, sbr. 5. gr. þessarar reglugerðar, gilda um stofnun reikningsins.

*Umhverfisstofnunin, 16. apríl 2012.*

**Svandís Svavarsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Steinunn Fjóra Sigurðardóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 25. apríl 2012